

Íslands. Kirkjuráð ráðstafar sjóði þessum til verkefna þeirra, sem því eru 98  
ætluð samkv. lögum nr. 21 6. júlí 1931. 19. júní

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Dorsteinn Briem.*

## L Ö G

### um veitingaskatt.

99

19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr.

Greiða skal í rikissjóð 10% skatt af söluverði matfanga, drykkjarfanga og annara neyzluvara, sem seldar eru í gistihúsum, kaffihúsum eða öðrum þeim veitingastöðum, sem leyfi þarf til að reka samkv. lögum nr. 21 15. júní 1926. Ennfremur eru skattskyldar veitingar í kökubúðum (konditorí) og tækifærisveitingar þær, sem leyfi þarf til þess að hafa um hönd samkv. áðurnefndum lögum. Skattur samkvæmt lögum þessum skal þó eigi reiknaður af öðru en því, sem selt er til neyzlu á staðnum.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem eigi þarf leyfi til samkv. gildandi lögum, en er þó sama eðlis og sú veitingasala, sem skattskyld er samkvæmt framanrituðum ákvæðum, og skulu þá þeir, er slíka starfsemi reka, skoðaðir sem skattskyldir veitingasalar.

2. gr.

Veitingasalar, er selja fæði, mjólk og skyr, enda sé hver fullkomin máltíð eigi seld herra en kr. 1.25, mjólk og skyr eigi með meira álagi en 25% frá sölu-

- 99 19. júní verði á staðnum, greiða eigi skatt af slíkri sölu, enda sanni þeir fyrir innheimtumanni skattsins, hversu mikill hluti allrar sölu þeirra sé skattfrjáls samkvæmt þessari grein.

### 3. gr.

Ef veitingasali, sem veitingaskatt á að greiða samkvæmt lögum þessum, selur sama manni fæði í einn mánuð eða lengri tíma með hærra verði en segir í 2. gr., greiðir hann skatt af  $\frac{1}{3}$  hluta slíkrar sölu, enda geri hann innheimtumanni skattsins fulla grein fyrir því, hve miklu fæðissala þessi nemi. Fjármálaráðuneytið getur þó sett hámarksákvæði um verð þess fæðis, sem undanþegið er skatti að  $\frac{1}{3}$  samkvæmt þessari grein, og séu þau ákvæði miðuð við verðlag á hverjum stað. Ef hámarksákvæði eru sett samkvæmt framanskráðu, er skattskyld að fullu sú upphæð af verði fæðisins, sem er yfir hámarksákvæðið.

### 4. gr.

Undanþegnar skatti eftir lögum þessum eru veitingar handa starfsmönnum við fyrirtæki þau, sem skattskyld eru samkvæmt þeim, hvort sem þær eru látnar af hendi endurgjaldslaust eða seldar.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt, ef því þykir ástæður mæla með, að undanþiggja veitingaskatti veitingasölu, sem rekin er í góðgerðaskyni fyrir almenning.

### 5. gr.

Allir þeir, sem þegar eru skyldir til að greiða veitingaskatt samkv. lögum þessum, skulu tilkynna innheimtumanni skattsins um rekstur sinn innan mánaðar frá því, að lög þessi öðlast gildi. Í tilkynningunni skal skýrt fram tekið, hverskonar reksturinn er, hver (hverjir) sé eigandi hans og hver (hverjir) stjórnandi. Ennfremur, hve margir starfsmenn vinni við reksturinn.

Þeir, sem eftir að lög þessi ganga í gildi byrja starfsemi, sem veitingaskatt ber að greiða af samkvæmt þeim, eru skyldir að tilkynna innheimtumanni skattsins um starfsemina áður en hún hefst og láta fylgja þær upplýsingar, sem getið er um í næstu málsgrein hér á undan.

Hætti starfsemi, sem skattskyld er samkvæmt lögum þessum, eða breyti um starfshætti eða heimilisfang, ber að tilkynna það tafarlaust innheimtumanni skattsins.

### 6. gr.

Allir veitingasalar, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eru skyldir að færa bækur sínar þannig, að greinilega sjáist sala hvers dags. Ber að bókfæra allt, sem selt er á hverjum degi, án tillits til þess, hvort greiðsla fer fram samdægurs. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um bókhald veitingasala. Í lok hvers mánaðar, og í síðasta lagi innan 7 daga frá mánaðarlokum ber veitingasala að senda innheimtumanni skattsins tilkynningu, undirritaða af eiganda eða stjórnanda, um samanlagða veitingasölu í mánuðinum, og ennfremur öll gögn viðvíkjandi undanþágum þeim, sem um getur í 2. og 3. gr. þessara laga,

ef um þær er að ræða. Samkvæmt þessari tilkynningu ber veitingasala að greiða skattinn eigi síðar en 7 dögum eftir að tilkynning má í síðasta lagi vera send. 99 19. júní

Í hver ársfjórðungslök ber að senda innheimtumanni skattsins rekstrarreikning veitingasölnunnar fyrir ársfjórðunginn, ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum.

#### 7. gr.

Innheimtu veitingaskatts og eftirlit með rekstri skattskyldra veitingastaða annast lögreglustjórar utan Reykjavíkur, en í Reykjavík tollstjóri, enda tilkynni lögreglustjóri í Reykjavík tollstjóra tafarlaust um alla þá, er veitingaleyfi leysa, og lögmaður um alla þá veitingasala, sem látast eða verða gjaldþrota.

#### 8. gr.

Innheimtumenn veitingaskattsins hafa rétt til þess að framkvæma nákvæmt eftirlit með öllum skattskyldum veitingastöðum og rannsaka bókhald þeirra. Geta þeir krafizt þess, að bækurnar séu þeim afhentar til eftirlits, ásamt fylgiskjölum, þegar ástæða þykir til. Forstöðumenn og aðrir starfsmenn á veitingastöðum eru skyldir að láta í té nauðsynlega aðstoð og upplýsingar við eftirlitið.

Innheimtumaður hefir rétt til þess að krefjast upplýsinga um veitingasölu og annað, sem snertir rekstur fyrirtækisins, af hverjum starfsmanni þess, og ennfremur þeim, er vörur selja eða önnur viðskipti hafa við veitingasölu.

#### 9. gr.

Þeim, sem eftirlit og innheimtu hafa á hendi samkv. lögum þessum, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir kunna að komast að sökum starfs síns um efnahag eða rekstur veitingasala.

#### 10. gr.

Um reikningsskil innheimtumanna fer eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir.

#### 11. gr.

Ef bækur þær, sem halda á samkv. 6. gr., ásamt þar greindum reikningum, eru ekki færðar eða þær eru rangt færðar, eða ef hinar mánaðarlegu tilkynningar eru rangar eða ekki sendar skattheimtumönnum, skal viðkomandi veitingamaður greiða sekt, sem er allt að tíföld sú skattupphæð, er tapazt hefir við vanrækslu hans, og auk þess greiða hinn vantalda veitingaskatt. Ef ekki er hægt að sjá, hve undandráttur skattsins hefir numið miklu, skal innheimtumaður áætla hann.

Ef það sannast, að framangreind brot eru gerð með ráðnum hug og í sviksamlegum tilgangi, má sektin nema allt að 20000 kr., eða dæma má hinn brotlega í allt að 6 mánaða einfalt fangelsi.

#### 12. gr.

Nú er rekin veitingastarfsemi, sem skattskyld er samkv. 1. gr., og vanrækir eigandi eða forstjóri starfseminnar að tilkynna það hlutaðeigandi yfirvaldi samkv. 5. gr. Skál þá greiða í sekt fyrir dag hvern, sem veitingastarfsemi þessi er

99 rekin án þess að vera tilkynnt, allt að 50 kr. Fyrir brot á öðrum ákvæðum 5. gr. 19. júní laga þessara skal hinn brotlegi sæta allt að 1000 kr. sekt.

13. gr.

Ef veitingasali greiðir ekki veitingaskatt innan þess gjalddaga, sem ákveðinn er í 6. gr., ber honum að greiða 2% í dráttarvexti fyrir hvern mánuð, sem greiðslan dregst fram yfir lögmæltan gjalddaga.

14. gr.

Öll brot gegn lögum þessum, sem ekki eru ákveðin sérstök viðurlög og refsing fyrir samkv. 11., 12. og 13. gr., varða 100—1000 kr. sektum, og allt að 5000 kr. sektum, ef um endurtekin brot er að ræða. Nú hafa brot þessi valdið skatttapi, og fer þá um sektir, eftir því sem við verður komið, og greiðslu vangoldins skatts svo sem segir í 11. gr.

15. gr.

Hegningarákvæðum laga þessara ber að beita gegn eigendum eða stjórnendum veitingastarfseminnar. Nú sannast, að afgreiðslufólkið eða aðrir þeir, sem vinna við veitingastarfsemina, eru meðsekir í brotum gegn lögum þessum, og skal þá hver hinna brotlegu starfsmanna einnig greiða sekt, sem nemur  $\frac{1}{5}$  hluta af sekt þeirri, sem brotið varðar.

Greiðist sektir ekki, ber að innheimta þær með aðför að lögum.

Nú innheimtist sektin ekki, þrátt fyrir aðför að lögum, og má þá láta hvern þann, sem dæmdur hefir verið til þess að greiða sektina, afplána sektina lögum samkvæmt.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Fjármálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu skattsins og framkvæmd þessara laga og ákveður sektir fyrir brot á reglugerðinni í samræmi við sektarákvæði laganna.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*